



Fylkir

Málgað
Sjálfstæðis-
flokksins

11. árgangur.

Vestmannaeyjum, 27. nóv. 1959.

34. tölublað.

Ríkisstjórn Ólafs Thors

Eins og skýrt var frá í síðasta blaði, voru allar horfur á, að ný ríkisstjórn tæki við völdum s. l. föstudag, sama dag og Alþingi var sett. Þetta varð og, því að tilkynnt var myndun ríkisstjórnarinnar undir forsæti Ólafs Thors að lokinni þingsetningarathöfn.

Ráðherrar hinnar nýju ríkisstjórnar eru þessir:
Ólafur Thors, forsætisráðherra,
Bjarni Benediktsson, dómsmálaráðherra,
Gunnar Thoroddsen, fjármálaráðherra,
Ingólfur Jónsson, landbúnaðarráðherra,
Emil Jónsson, sjávarútvegsmálaráðherra,
Guðmundur Í. Guðmundsson, utanríkisráðherra,
Gylfi Þ. Gíslason, viðskiptamálaráðherra.

Yfirlýsing forsætisráðherra:

Birt hefur verið í útvarpi og blöðum nánari verkaskipting hins nýja ráðuneytis og engin ástæða til að endurtaka slíkt hér. En þegar Ólafur Thors, forsætisráðherra hafði kynnt ráðuneyti sitt, flutti hann yfirlýsingu stjórnarinnar, þar sem hann rakti í höfuðatriðum, hver verða mundi stefna hennar. Höfuðverkefnið er að finna lausn á þeim vanda, sem við er að etja í efnahagsmálunum og hefur orðið magnaðri en nokkru sinni fyrr eftir setu V-stjórnarinnar svonefndu. Mun stjórnin reyna að finna lausn, sem verður eins hagstæð öllum almenningi og hægt er, að beztu manna yfirsýn.

Að undanfögnu hefur farið fram gagngerð athugun á öllu efnahagskerfinu. Hefur hún leitt í ljós, að ástandið er mun alvarlegra en menn höfðu gert sér í hugarlund. Ríkisstjórn Alþýðuflokksins, sem sat að völdum frá því vetur, gerði aðeins að hefta frekari óheillapröun en orðin var um síðustu áramót og halda öllu í horfinu, eins og frá málunum var gengið þá aðeins til bráðabirgða. En nú liggur það fyrir að gera einhverjar

þær ráðstafanir, sem að fram-
búðargagni mega koma, en eru
ekki bráðabirgðaráðstafanir.
Meinið hefur verið það, að allt
frá 1956 hafa verið gerðar tómar
kákraðstafanir, sem miklu
fremur hafa aukið á vandann
en dregið úr honum. Keyrði þó
um þverbak með „bjargráðun-
um“ 1958. Verða allir þjóðhollir
menn að sameinast um að
finna hagfellda lausn í efnahagsmálunum.

Frá Alþingi:

Forseta- og nefndarkosningar hafa farið fram á Alþingi. Forseti Sameinaðs þings er Friðjón Skarphéðinsson, fyrrv. ráðherra, forseti Efri deildar Sigurður Ó. Ólafsson, þingm. Sunnlendinga, og forseti Neðri deildar Jóhann Hafstein, þingm. Reykvíkinga.

Tveir þingmenn Sunnlendinga, þeir Guðlaugur Gíslason og Karl Guðjónsson, eiga sæti í fjárveitinganefnd Sameinaðs Alþingis. Áður var getið um Ingólf Jónsson, landbúnaðarráðherra.

Fjárlagafrumvarpið hefur verið lagt fram á Alþingi. Er það nokkru lægra en síðasta frum-

varp, og það er athyglisvert, er segir í athugasemdum um frumvarpið, að tekjur ríkisins eru taldar verða nokkru minni en á árinu, sem er að líða, og til Útflutningssjóðs, sem staðið hefur undir öllu uppbótarkerfinu og megninu af niðurgreiðslunum, er áætlað 100 milljónum króna minni upphæð nú en þá. Þá hefur Ólafur Thors upplýst, að vanta muni í Útflutningssjóð um 250 millj. kr. á næsta ári, að óbreyttum aðstæðum.

Fjárlagafrumvarpið er samið af fráfaramandi ráðherra, Guðmundi Í. Guðmundssyni, en það á auðvitað eftir að ganga í gegn um hreinsunareld Alþingis. Hvaða meðferð það kemur til með að fá og hver endanleg niðurstaða verður, fær tíminn einn leitt í ljós.

Listaverk

Um síðustu helgi var efnt til sýningar á eftirprentunum málverka eftir ýmsa íslenska listamenn, sem bókaútgáfan Helgafell hefur látið gera. Tilgangurinn með þessari eftirprentun er sá að gefa almenningi kost á að njóta þess bezta, sem til er á þessu sviði á Íslandi og prýða veggir heimilis síns með fögrum og vönduðum listaverkum, til auginn og menningarauka.

Það er mála sannast, að fyrir fáum tugum ára voru það forréttindi nokkurra manna, til tölulega fátta, að eignast málverk eftir kunnan íslenskan málara. Almennur hafði engin ráð á að eignast þau. En af hverju fyrir sig er til aðeins eitt eintak, og málverkin hækka stöðugt í verði, einkum ef frami listamannsins fer vaxandi, svo sem átt hefur sér stað með vel flesta íslenska listamenn.

Framhald á 2. síðu.

SEXTUGUR:

Ástþór Matthíasson

Ástþór Matthíasson verður sextugur á sunnudaginn, 29. þ. m. Hann er fæddur á Seyðisfirði, sonur hjónanna Sigríðar Guðmundsdóttur útvegsbónda á Lambhúsum á Akranesi, og Matthíasar Þórðarsonar, skipstjóra og fyrrum ritstjóra, frá Móum á Kjalarnesi. — Matthías andaðist fyrir skömmu úti í Kaupmannahöfn, þar sem hann var búsettur.

Ástþór Matthíasson lauk stúdentsprófi árið 1919 og lögfræði prófi við Háskóla Íslands árið 1924. Eftir að Ástþór settist að hér í Vestmannaeyjum, tók hann mikinn þátt í félagslífi í bænum, átti sæti í stjórnun ýmissa félagssamtaka, var kjörinn fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórn árið 1933 og var lengi forseti bæjarstjórnar. Hann tók einnig þátt í útgerð og varð framkvæmdastjóri Fiski mjölsverksmiðjunnar hér, unz hann flutti úr bænum fyrir skömmu.

Eins og sjá má af þessari upp talningu, þótt engan veginn sé hún tæmandi, hefur Ástþór komið víða við sögu. Hafa ráð hans jafnan verið holl og til farsældar, hvar sem þeirra var leitað.

Fylkir sendir Ástþóri Matthíassyni beztu árnaðaróskir á þess um tímamótum, þakkar vel unnin störf á umliðnum árum til heilla fyrir bæjarfélagið og bæjarbúa og árnar honum velfarnaðar á nýjum slóðum.

Ástþór er kvæntur Sigríði Gísladóttur Johnsen, stórkaupmanns í Reykjavík, og hafa þau eignast 5 börn, sem öll eru á lífi og uppkomin.

Fylkir

MÁLGAGN
SJÁLFSTÆDISFLOKKSINS

ÚTGEFANDI:

SJÁLFSTÆDISFÉLAG
VESTMANNAEYJA

RITSTJÓRI og ÁBYRGÐARM.: EINAR H. EIRÍKSSON

Sími: 308. — Pósthólf: 102.

Prentsmiðjan EYRÚN h. f.

A villigötum

Nýtt líf virðist hafa færzt í kratana hér í bæ, því að Brautin hefur séð dagsins ljós, hve lengi, sem henni verður lífs auðið að sinni.

Fylkir telur það ekki rétt að fara að efla til illdeilna við Alþýðuflokkinn um sitthvað, sem nú kann að verða til umræðu þessa dagana, allra sízt slengja fram einhverjum örökstuddum og fjarstæðum sleggjudómum um þann flokk, sem nú hefur gerzt samstarfsflokkur Sjálfstæðismanna í ríkisstjórn á hinum örðugustu tímum. Það var háttur Framsóknarmanna að niða og rægja eins og frekast var unnt Sjálfstæðisflokkinn, meðan þeir tveir flokkar unnu saman í ríkisstjórn, grafa þannig undan ríkisstjórninni með blaða kosti sínum og hlaupa svo á brott frá öllu saman, þegar hon um þótti henta að efna til kosninga. Slík baráttuaðferð hefur aldrei þótt drengileg og dæmir sig sjálf til dauða um það er lýkur.

Brautin virðist hafa sótt fyrirmyndina að skrifum sínum til Framsóknarmanna, og er það eitt út af fyrir sig lítilfjörlegt og lágt lagzt. Þess verður þó að vænta, að blaðið sjái sig um hönd og taki upp hollari skrif en þau, sem felast í ósönnu niði um samstarfsflokkinn og stuðli þannig að því að eyða þeirri tortryggni, sem kann að gera vart við sig.

En úr því að Brautin gefur tilefni til að ræða um Alþýðuflokkinn, þá er ekki úr vegi að taka hann til athugunar eilítið. Það er þá fyrst að taka, að eftir Hræðslubandalagsævintýrið 1956–1958 var Alþýðuflokk-

Listaverk

Framhald af 1. síðu.

En listin er engin séreign fátta. Hún á að ná til fólksins, verða eign þess og eftirlæti og stuðla að því að glæða fegurðar-smekk og auka menningu þess. Eina leiðin til þess er sú, að fólkinu verði gefinn kostur á að njóta listaverkanna, sjá þau oft og gleðjast í hvert sinn sem þau eru augum litin. Litprentanir þær, sem um ræðir hér að ofan, hafa einmitt þennan tilgang, og gefa almenningi kost á að eignast listaverk til heimilisprýði og menningarauka. Eftirprentanir þessar eru frábærlega vel gerðar og er harla lítill munur á þeim og listaverkunum sjálfum. Á sýningunni voru myndir eftir Kjarval, Ásgrím og Jón Stefánsson, hina miklu meistara íslenzkrar málalistar, Þórarinn B. Þorláksson, sem telja má einn af frumkvöðlum málalistar á Íslandi á síðari tímum. Þar voru einnig verk eftir yngri listamenn, svo sem Gunn-

urinn að dauða kominn. Leiðtogar hans sáu sig þó um hönd, breyttu algerlega um stefnu og sýndu af sér nokkurn manndóm. Þó gat þetta ekki orðið af eigin rammleik flokksins. Sjálfstæðisflokkurinn studdi í bakið á honum, gerði kröfur til að gerðar yrðu ákveðnar ráðstafanir, sem flokkana skorti sameiginlega afl til að koma í framkvæmd. Alþýðuflokkurinn varð við þessum kröfum og fylgdi þeim fram, Sjálfstæðisflokkurinn stóð við sitt fyrirheit og varði flokkinn falli. Þessu — og þessu einu — á hann núverandi líf sitt að launa. Hitt er svo annað mál, hvort flokknum, sem glatað hafði stefnu sinni og var orðinn „hugsjónalaust hækjulið“ um skeið, verður auðið að lifa marga áratugi í viðbót.

Brautin gefur ærið tilefni til að rakin sé vesældarsaga Alþýðuflokksins, sem týndi málefnum um og hefur nú tekið upp mjög hægri sinnaða stefnu, sbr. orð og ræður flokksforingjanna upp á síðkastið. Skal þó á það bent, að þá fyrst er Sjálfstæðismenn koma til ríkisstjórnar kemst verulegur skriður á framkvæmd stefnumála Alþýðuflokksins. Meðan hann átti aðild að stjórn um á árunum 1933–1939 gekk

laug Scheving, Þorvald Skúlason o. fl., o. fl. Sérstaklega var athyglisverð mynd eftir Ásgerði Ester Búadóttur, svonefnt silkiprent. Verk þetta er upphaflega útsaumsverk, og má greinilega sjá það á eftirprentuninni, sem er sérlega vel heppnuð.

Eftirprentanirnar eru til sölu hér í bæ hjá Braga Straumfjörð

í skrifstofu Happraðttis dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Ættu menn ekki að láta hjá líða að eignast góða eftirprentun fallegrar myndar eftir einhvern af höfuðsnillingum þjóðarinnar á sviði málalistar og fegra þannig og prýða heimili sitt með því, sem hefur varanlegt gildi.

Juan Casadesus

hefur opnað myndlistarsýningu að Hótel H.B. Casadesus er Spánverji, fæddur og uppalinn í Barcelona. Hann stundaði nám í „decoration“-list í heimborg sinni í fimm ár, en fór að námi loknu til Englands, og var þar tvö ár við auglýsingateigningar. Frá Englandi lagði hann leið sína til Íslands, og hefur dvalið hér í tæp þrjú ár.

Fystu vikuna á Íslandi vann hann í hraðfrystihúsi í Reykjavík, en líkaði ekki lyktin, enda annað, sem hann ætlaðist fyrir.

Aðspurður, hvað hann teldi stærstu reynslu sína á Íslandi, svaraði hann, að það væri landið sjálft, hrikaleg náttúrufegurð og litauðgi, og það að fá tækifæri til að færa þessa reynslu sína á „strigann“.

Casadesus hefur ferðast miklu síðan hann kom hingað til lands og haft sýningar í flestum kaupstöðum landsins.

Þessi sýning, sem hann heldur hér nú, verður að öllum líkindum síðasta sýning hans hér á landi. Sýningin er opin daglega frá kl. 7–10 e. h., laugardaga og sunnudaga kl. 1–10.

Casadesus teiknar sýningar-gesti meðan þeir staldra við, ef þeir óska þess.

Albert Finger píanó

fyrirliggjandi. — Sýnishorn á staðnum. — Upplýsingar í Síma 523.

Telpukjolar,
Banlon-peysur og golftreyjur,
Cha-Cha peysur,
Nælon-organdy í barnakjola,
Náttkjolar og -föt,
Ísabellasokkar, allar gerðir,
Krep-sokkar drengja og herra.
Veggteppi,
Dúkar og dúkaefni,
Leikföng, gott úrval.

Verzlun Anna Gunnlaugss.

Nýtt SOS

9. hefti, kom út í gær. Aðalefni þessa heftis er um Hans Hedtoft-slysið 30. jan. í ár. Mjög athyglisverð frásögn.

Útgefandi.